

Föstudaginn 28. maí 1971.

Nr. 69/1970. **Halldór Gunnarsson**
 (Magnús Thorlacius hrl.)
 gegn
Djúpbátnum h/f
 (Haukur Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kaupgjaldsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. apríl 1970. Krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnda og að stefnda verði dæmt að greiða kr. 4.651.12 með 7% ársvöxtum frá 4. janúar 1964 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi.

Gegn andmælum stefnda eru ekki færðar sönnur að því, að svo hafi um samizt, að áfrýjandi skyldi vera kominn til Bergen hinn 19. október 1963. Hins vegar varð nokkur dráttur á afhendingu skipsins, sem áfrýjandi hafði ekki ástæðu til að gera ráð fyrir, þegar hann lagði af stað frá Ísafirði hinn 13. október. Þykir rétt að telja áfrýjanda til tekna í viðskiptum aðilja aukakostnað hans af þeim sökum, sem ákveðst kr. 2.500.00. Og eins og málum er háttað, verður að telja, að áfrýjanda beri laun og greiðsla fyrir upphaldskostnað þá tvo daga, sem flugferðalag tók frá Ísafirði til Bergen um Reykjavík, samtals kr. 1.860.00 (1.000.00 + 60.00 + 800.00). Að öðru leyti ber að staðfesta úrlausn héraðsdóms um kröfu stefnda, en fjárkrafa áfrýjanda á hendur stefnda kemur því eigi til greina. Um málskostnað fer, svo sem síðar greinir.

Úrslit málsins verða því þau, að áfrýjandi verður dæmdur til að greiða stefnda kr. 9.728.88 (14.088.88 ÷ 2.500.00 og 1.860.00) með 7% ársvöxtum frá 17. apríl 1967 til greiðsludags. Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði

stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Halldór Gunnarsson, greiði stefnda, Djúp-
bátnum h/f, kr. 9.728.88 með 7% ársvöxtum frá 17. apríl
1967 til greiðsludags og kr. 10.000.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lög-
um.

Dómur sjó- og verzlunardóms Ísafjarðar 14. febrúar 1970.

Mál þetta, sem dómtekið var laugardaginn 14. febrúar 1970, hefur Djúpbáturinn h/f, Ísafirði, höfðað fyrir bæjarþingi Ísafjarð-
ar með stefnu, útgefinni 22. marz 1967, gegn Halldóri Gunnars-
syni skipstjóra, Austurvegi 13, Ísafirði.

Eftir ákvörðun formanns sjó- og verzlunardóms Ísafjarðar og með samþykki málsaðilja var málið flutt úr bæjarþingi Ísafjarðar í sjó- og verzlunardóm Ísafjarðar, þar sem eðlilegra þótti, að málið væri rekið fyrir þeim dómstóli.

A. Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 14.088.88 auk 7% ársvaxta frá 1. desember 1963 til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt texta Lögmannafélags Íslands.

B. Stefndi hefur krafizt þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, og gagnstefnt aðalstefnanda til greiðslu á kr. 4.651.12 með 7% ársvöxtum frá 4. janúar 1964 til greiðsludags svo og krafizt þess, að aðalstefnanda verði gert að greiða sér máls-
kostnað í aðalsök og gagnsök að skaðlausu.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að hann verði algerlega sýkn-
aður af kröfum gagnstefnanda og að gagnstefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í gagnsök samkvæmt texta Lög-
mannafélags Íslands.

Málavextir.

I. Um kröfur stefnanda á hendur stefnda.

Stefnandi kveður hina umstefndu skuld hafa stofnast haustið
1963, er stefndi var ráðinn hjá stefnanda til þess að sækja sem
skipstjóri m/s Fagranes, sem nýlokið var við að smíða í Florö
í Noregi. Í ferð þessari hafi úttekt stefnda orðið hærri en laun
hans, sem nemur stefnufjárhæðinni.

Stefnandi hefur lagt fram yfirlitsreikning á dskj. nr. 3, og samkvæmt honum er úttekt stefnda kr. 26.764.20, en innlegg kr. 12.675.32, og mismunur þessarar fjárhæðar er stefnukrafan.

Auk þess telur stefnandi, að stefndi skuldi Matthíasi Bjarnasyni í sambandi við þessa ferð kr. 4.992.00, en mál vegna þeirrar skuldar er nú rekið sérstaklega fyrir bæjarþingi Ísafjarðar og skuld þessi talin fram á dskj. nr. 10 af lögmanni stefnda svo og önnur úttekt, sem svarar til framangreindrar fjárhæðar.

Stefnandi byggir kröfur sínar á yfirlitsreikningi frá Matthíasi Bjarnasyni, forstjóra Djúpbátsins h/f, sem lagður hefur verið fram á dskj. nr. 3, og kemur hann heim og saman við framangreint yfirlit lögmanns stefnda að frádregnum áðurgreindum kr. 4.992.00 og nokkrum liðum, sem vikið verður að síðar.

Stefnandi kveðst hafa ítrekað gert tilraun til innheimtu á skuldinni svo og lögmaður hans, en stefndi ekki haft uppi neinar ákveðnar mótbárur gegn stefnukröfunum.

Stefnandi lýsir málavöxtum þannig, að þegar stefndi var ráðinn til þess að sækja m/s Fagranes, þá hafi hann farið að eigin ósk til Kaupmannahafnar þann 16. október 1963 og notað þann tíma, sem hann dvaldist þar, fyrir sjálfan sig og verið miklu lengur en þörf var á samgangna vegna og eigi því ekki rétt á launum fyrir þann tíma, sem hann dvaldist þar.

Stefnda sé reiknað kaup frá 30. október til 19. nóvember 1963, en hann hafi komið til Florö þann 29. október 1963.

Dagana þar á undan hafi stefndi verið á ferðalagi ásamt konu sinni um Kaupmannahöfn, Osló og Bergen og þann tíma ekki verið á launum hjá stefnanda.

Stefnandi heldur því fram, að hann hafi greitt allt fæði fyrir stefnda um borð í m/s Fagranesi svo og upphaldskostnað stefnda og konu hans á Viktoria Hotell dagana 30. október til 5. nóvember 1963 og fyrir stefnda einan dagana 6.—11. nóvember s. á. og upphald fyrir konu stefnda hafi verið greitt umfram skyldu að mestu leyti.

Stefnandi heldur því fram, að kaup stefnda hafi verið miðað við samninga, er giltu í október 1963 milli Landssambands íslenzkra útvegsmanna og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands frá 14. febrúar 1961, og þá verið kr. 8.880.00 á mánuði. Með þeim hækkunum, sem orðið hefðu á þessu kaupi fram í október/nóvember 1963 var það komið upp í kr. 12.349.00 á mánuði, eða kr. 411.63 á dag auk 6% orlofs, en stefnda reiknaðar kr. 500.00 á dag auk orlofs samkvæmt dskj. nr. 3. Á sama tíma hafi verið

í gildi samningur milli stefnanda og Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Bylgjunnar, en þar séu engin ákvæði um flutning á skipum milli landa. Þegar samið hafi verið um kaup milli aðilja, hafi orlof verið samkvæmt landslögum 6% af launum. Þá heldur stefnandi því fram, að stefndi hafi engin rök fært að því, að aðrir samningar giltu um laun til stefnda aðrir en að framan getur.

II. Um gagnkröfur stefnda á hendur stefnanda.

Stefndi skýrir svo frá málsatvikum í aðalatriðum:

Hann kveðst hafa í byrjun októbermánaðar 1963 átt símtal við konu framkvæmdastjóra stefnanda og fengið þau skilaboð, að hann ætti sem skipstjóri að sækja m/s Fagranes til Florö í Noregi og vera kominn þangað 19. október 1963. Nefnd kona, Kristín Ingimundardóttir, kom fyrir dóminn sem vitni og kvaðst ekkert símtal hafa átt við stefnda um þetta leyti.

Þann 13. s. m. hafi hann farið frá Ísafirði til Reykjavíkur og átt pantað flugfar hjá Loftleiðum h/f þann 15. s. m. Þann dag var honum tilkynnt frá Loftleiðum, að hann kæmist ekki þann dag, en boðið far daginn eftir Kaupmannahöfn — Oslo — Bergen fyrir sama verð og hann tekið því. Forstjóri stefnanda, Matthías Bjarnason, hafi fallizt á þessa breytingu á ferðaáætluninni.

Þegar stefndi var staddur í Reykjavík, átti hann viðtal við framangreindan framkvæmdastjóra stefnanda, og hafði hann þá óskað eftir því, þar sem búast mátti við töfum á afhendingu m/s Fagraness, að stefndi sneri aftur til Ísafjarðar, sem hann neitaði að gera, og þá hafi framkvæmdastjórinn fallizt á, að stefndi færi utan 16. október. Stefndi heldur því fram samkvæmt vottorði Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar á dskj. nr. 11, að skipstjóra, sem ferðast þar frá ráðningarstað til skips, beri laun frá og með þeim degi, er sú ferð hefst. Eigi hann því kröfu til launa frá 13. október 1963 og honum verði ekki kennt um, þótt ferðin hafi tekið lengri tíma en áætlað var, enda hafi komið í ljós, að smíði skipsins hafi seinkað.

Stefndi heldur því fram, að það hafi ekki verið samið sérstaklega um kaup við hann um að sækja skipið, enda giltu engir samningar á Ísafirði um það, er ráðning fór fram. Hann telur því, þar sem engir samningar hafi gilt fyrir aðilja málsins um launakjör sín, að honum sé heimilt að setja fram eigin kröfu um sanngjarnt kaup og vitnar þar til laga nr. 39/1922, 5. gr., og er krafa hans kr. 700.00 á dag. Þessa kröfu styður hann enn fremur þeim rökum, að sótt hafi verið eftir að fá að sækja umrætt skip, og

þegar svo hátti til, sé þeim, sem ráðnir eru til verksins, betur launað, hvað sem öllum samningum líði.

Stefndi reiknaði sér í upphaldskostnað kr. 400.00 á dag í 22 daga, eða samtals kr. 8.800.00.

Þá telur stefndi, að hann eigi rétt á þessum launum og upphaldskostnaði allan tímann, sérstaklega vegna þess að hann hafi verið búinn að ráða annan mann í sinn stað vestur á Ísafirði.

Samkvæmt framanrituðu kveðst stefndi eiga gagnkröfu á hendur stefnanda, að frádregnum upphaldskostnaði, að fjárhæð kr. 8.800.00, en upphaflega krafa hans í gagnstefnu var kr. 12.851.12. Enn fremur telur hann, að honum hafi sétt yfir að færa sér til tekna kr. 600.00 undir liðnum ýmislegt á dskj. nr. 3 og verði samkvæmt þessu stefnukrafan kr. 4.651.12 í gagnsök.

Gagnkröfu þessari hefur aðalstefnandi mótmælt. Hann telur, að yfirlitsreikningur á dskj. nr. 3 sé réttur, enda hafi hann engum andmælum sætt af hendi gagnstefnanda og gagnstefnandi aldrei talið til skuldar hjá aðalstefnanda vegna viðskipta þeirra fyrr en nú með gagnsök.

Aðalstefnandi hefur mótmælt kaupkröfu gagnstefnanda um kr. 700.00 á dag og lagt fram ljósrit af bréfi frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna á umræddu tímabili, eins og áður greinir, um kaup skipstjóra. Þá heldur aðalstefnandi því fram, að gagnkröfur gagnstefnanda séu of seint fram komnar, þótt hann hefði einhvern tíma átt einhvern rétt á þeim, og sérhver sjálfstæð krafa út af skiptum þessum, sem hér er dæmt um, sé fyrnd þann 12. febrúar 1968.

Gagnsök.

Með tilliti til þess, að gagnstefnandi lauk vinnu sinni hjá gagnstefnda þann 20. nóvember 1963 og að málsskjöl, sem gagnkrafan er gerð í, eru lögð fram þann 12. febrúar 1968 verður samkvæmt 1. tl. 3. gr. og 11. gr. laga nr. 14 frá 20. október 1905 að fallast á, að gagnkrafan, kr. 4.651.12, sé fyrnd, og ber því af þeirri ástæðu að sýkna aðalstefnanda af þessari kröfu gagnstefnanda. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Aðalkröfur.

Aðalstefnandi hefur lagt fram yfirlit um viðskipti aðilja á dskj. nr. 3, og hefur því ekki verið mótmælt sérstaklega, enda hefur aðalstefndi lagt það til grundvallar reikningi sínum til aðalstefnanda að öðru leyti en liði þá um kaup, orlof, upphald og fargjald eiginkonu aðalstefnda með Loftleiðum h/f, og er því ekki deilt um aðra liði yfirlitsins.

Ósannað er, að mótmæli gegn þessum fjórum liðum hafi komið fram fyrir en í máli þessu í gagnstefnu. Rétt er þó að rekja rökstuðning aðalstefnanda varðandi þessa liði.

1. Kaup.

Aðalstefnandi reiknar aðalstefnda laun, kr. 500.00 á dag í 21 dag, frá 30. október til 19. nóvember 1963. Byggir hann útreikning sinn á samningi milli Landssambands Íslenzkra útvegsmanna og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands frá 14. febrúar 1961, sem gildi í október 1963. Kaup skipstjóra, er sóttu skip til útlanda, var við samningsgerðina kr. 8.880.00 á mánuði. Með þeim hækkunum, sem orðið höfðu á þessu kaupum fram í október—nóvember 1963, var það komið upp í kr. 12.349.00, sbr. dskj. nr. 18, eða kr. 411.63 á dag auk 6% orlofs. Þessa fjárhæð, kr. 411.63, hefur aðalstefnandi við útreikning sinn á kaupum aðalstefnda hækk-að upp í kr. 500.00 á dag auk orlofs.

Fyrir dóminum hefur aðalstefndi lýst því yfir, að ekki hafi verið samið um kaup, áður en skipið var sótt.

Aðalstefnandi staðhæfði hins vegar fyrir dóminum, að miðað hefði verið við framangreinda samninga, sbr. dskj. nr. 18 og 19, þegar ráðning fór fram, og hefur mótmælt kröfu aðalstefnda um kr. 700.00 á dag í laun. Aðalstefndi hefur ekki mótmælt því, að hann hafi verið skráður sem skipstjóri hjá aðalstefnanda samkvæmt framangreindum samningum.

Aðalstefnda eru reiknuð laun fyrir tímabilið 30. október til 19. nóvember 1963. Hann kom til Florö í Noregi, þar sem hann átti að taka við m/s Fagranesi, að kvöldi 29. október og telur aðalstefnandi, að svo hafi verið um samið, að aðalstefndi tæki ekki laun, fyrir en hann mætti til skips.

Aðalstefndi heldur því hins vegar fram, að hann eigi rétt á launum frá þeim degi, sem hann fór frá Ísafirði, 13. október 1963, og vitnar til dskj. nr. 11, vottorðs Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar um, að skipstjóri, er ferðast þarf frá ráðningarstað til skips, eigi laun frá þeim degi, er sú ferð hefst. Hann hefur mótmælt því, að samningur á dskj. nr. 19 eigi við í þessu tilvikum, þar sem aðiljar málsins eigi ekki aðild að honum, og þess vegna eigi hann með fullkomnum lagakröfum samkvæmt 5. gr. laga nr. 39/1922 rétt á að setja fram sanngjarnt kaup, kr. 700.00 á dag.

Samkvæmt ofangreindu og sérstaklega með tilliti til, að engir samningar giltu um kaup og kjör milli aðilja, telur dómurinn rétt að leggja til grundvallar samninga á dskj. nr. 19, enda aðal-

stefnda reiknuð hærri fjárhæð pr. dag en skylt er samkvæmt þeim.

Ber því að dæma aðalstefnda til að greiða aðalstefnanda kaup samkvæmt því.

2. Orlof.

Samkvæmt dskj. nr. 11 — 16 — 18 verður að telja, að orlof í umrætt sinn hafi verið 6%, og ber að dæma samkvæmt því.

3. Uppihaldskostnaður.

Aðalstefnandi greiddi allt fæði fyrir aðalstefnda um borð í m/s Fagranesi svo og uppihaldskostnað hans og konu hans á Victoria Hotell dagana 30. október til 5. nóvember og fyrir hann einan dagan 6. nóvember til 8. nóvember, og uppihaldskostnaður fyrir konuna var greiddur umfram skyldu og hefur ekki verið dreginn frá kaupi aðalstefnda. Aðalstefndi hefur gert kröfu um kr. 400.00 uppihaldskostnað á dag allan tímann frá 13. október til 20. nóvember 1963, en á þessum tíma voru umsamdir fæðispeningar kr. 60.00 á dag. Aðalstefnandi hefur mótmælt þessu, og fellst dómurinn á mótmæli hans.

4. Fargjald.

Samkvæmt uppgjöri á dskj. nr. 3 er aðalstefnda reiknað fargjald eiginkonu, kr. 4.992.00, til gjalda við að sækja skipið, en neðar á sama dskj. er þessi upphæð talin sem inneign Matthíasar Bjarnasonar framkvæmdastjóra aðalstefnanda og fjallað um hana í sjálfstæðu máli nefnds Matthíasar á hendur aðalstefnda. Er því ekki ástæða til að ræða þennan lið frekar.

Rétt þykir að dæma vexti frá stefnubirtingardegi.

Samkvæmt framanrituðu ber að dæma aðalstefnda, Halldór Gunnarsson, til að greiða aðalstefnanda, Djúpbátnum h/f, kr. 14.088.88 ásamt 7% ársvöxtum frá 17. apríl 1967 til greiðsludags.

Málskostnaður telst hæfilega ákveðinn kr. 6.000.00.

Sátta var leitað, en reyndist árangurslaust.

Með bréfi, dags. 1. júní 1967, var Einar Gunnar Einarsson fulltrúi skipaður til þess sem setudómari á Ísafirði að fara með og dæma bæjarþingsmálið nr. 7/1967: Djúpbáturinn h/f gegn Halldóri Gunnarssyni, með því að hinn reglulegi dómari, Jóhann Gunnar Ólafsson bæjarfógeti, hefur með úrskurði 29. apríl 1967 vikið sæti í málinu, en mál þetta var síðar flutt í sjó- og verzlunar-dóm 13. september 1968.

Einar Gunnar Einarsson fulltrúi kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Guðmundi Guðmundssyni forstjóra og Símoni Helgasyni skipaskoðunarmanni.

Vegna óvenjulegra anna hefur framlagning sóknar og varnar svo og dómtaka málsins dregizt, og hefur því dómur eigi orðið kveðinn upp í málinu fyrr. Málið var flutt skriflega að ákvörðun dómsins.

Dómsorð:

Í aðalsök greiði aðalstefndi, Halldór Gunnarsson, aðalstefnanda, Djúpbátnum h/f, kr. 14.088.88 ásamt 7% ársvöxtum frá 17. apríl 1967 til greiðsludags og kr. 6.000.00 í málskostnað.

Í gagnsök skal gagnstefndi vera sýkn af öllum kröfum gagnstefnanda í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 28. maí 1971.

Nr. 156/1970. **Guðmundur Ákason**

(Örn Clausen hrl.)

gegn

Gunnari Pálmasyni

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. ágúst 1970. Hinn áfrýjaði úrskurður var kveðinn upp 22. júlí 1970.

Í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949 er kveðið svo á, að áfrýjunarfrestur skuli vera 4 vikur frá lokum dómsathafnar, en þó geti dómsmálaráðherra veitt leyfi til áfrýjunar næstu þrjá mánuði frá sama tíma, ef sérstaklega stendur á. Fjögurra vikna áfrýjunarfresturinn var liðinn, þegar áfrýjunarstefna var gefin út, og áfrýjandi hafði ekki aflað sér áfrýjunarleyfis.